


Starfsumhverfið og vinnuvernd

FRÆÐSLA KÍ FYRIR NÝJA OG
NÝLEGA TRÚNAÐARMENN
HAUSTIÐ 2014



Starfsumhverfið og vinnuvernd

Hlutverk félagslegra trúnaðarmanna
í skólum




Efnisyfirlit

- Starfsumhverfi kennara
- Öryggistrúnaðarmaður – hvað gerir hann?
- Félagslegur trúnaðarmaður og vinnuvernd
 - Hlutverk
 - Meðferð mála sem tengjast samskiptum, líðan og aðbúnaði á vinnustað
 - Starfsmannasamtöl
- Kennsluumhverfi – hlúum að rödd og hlustun




Starfsumhverfið

- Vinnustaðurinn
 - Húsnæðið, hávaði, aðstaða, tæki, o.fl.
- Viðfangsefnið
 - Markmið, innihald, eðli, o.þ.h.
- Samstarfsfólkið
 - Samskipti, virðing, umburðarlyndi, stuðningur og hvatning, færni, reynsla, o.fl.
- Skipulagið
 - Vinnutími, upplýsingaflæði, skýr hlutverk/verksvið, tímamörk, sjálfræði, o.fl.



Almennt um starfsumhverfi kennara

- Meirihluti kennara er ánægður í starfi
Kennarar telja sig oft hafa stuðning stjórnenda, að auðvelt sé að samrýma fjölskyldu- og atvinnulíf, eru ánægðir með símenntun/starfsþróunarmöguleika, eiga gott samstarf við aðra kennara og foreldra og finnst starfsandi í skólanum góður.
- Vísbendingar um vandamál??
Miklar veikindafjarvistir, starfsmannavelta, streita og kulnun, ótímabært brotthvarf úr starfi og lítil nýliðun.



Áhættuþættir í starfsumhverfi kennara


- Nemendur með erfið vandamál og skortur á úrræðum
- Ófullnægjandi samvinna og skortur á stuðningi
- Óljósar upplýsingar eða forgangsröðun
- Ósamrýmanlegar kröfur
- Einangrun, álag og tímapressa
- Hávaði og óhentugar vinnustellingar
- Ofbeldi, hótanir, einelti og kynferðisleg áreitni



Sálfélagslegir þættir nemenda, skólaumhverfi, og veikindafjarvera kennara


Helstu niðurstöður rannsóknar á vegum finnska vinnueftirlitsins 2012:

- Skemmdarverk nemenda (*e. vandalism*), einelti og óánægja nemenda í skóla tengdust aukinni hættu á veikindafjarveru kennara.
- Óánægja nemenda í skóla tengdist langtíma veikindafjarveru kennara. Sérstaklega fjarveru kennara vegna geð- og streitutengdra sjúkdóma (*e. neurotic and stress-related disorders*).
- Karlkyns sérkennarar voru í meiri áhættu fyrir skammtíma- og langtímaveikindum en aðrir karlkyns kennarar. Áhætta bæði kven- og karlkyns sérkennara á að lenda í andlegu og líkamlegu ofbeldi var meiri en annarra kennara.
- Hlutfall nemenda með sérþarfir var tengt aukinni hættu á veikindafjarvistum kennara.



Að bæta starfsumhverfið

- Þjálfun og stuðningur
 - Endurmenntun
 - Starfstengd handleiðsla
 - Skýrari verklagsreglur í skólum
- Aukin samvinna
 - Setja sameiginleg markmið
 - Þjálfun í samvinnu
- Skýrar starfslýsingar
- Draga úr álagi
- Bæta vinnuaðstöðuna



Öryggistrúnaðarmaður




- Kosinn af öllum starfsmönnum á vinnustaðnum nema stjórnendum óháð stéttarfélagi
- Kjósa einn ef starfsmenn eru 10 eða fleiri
- Kjósa öryggisnefnd ef starfsmenn eru fleiri en 50
 - 2 öryggistrúnaðarmenn starfsmanna og 2 öryggisverðir stjórnenda
- Kjörtímabil er tvö ár
- Atvinnurekandi tilkynnir kjörið til Vinnueftirlitsins
 - Eyðublað á www.vinnueftirlit.is




Öryggistrúnaðarmaður frh.

- Tekur þátt í gerð áætlunar um öryggi og heilbrigði á vinnustað
 - Í því felst þátttaka í gerð áhættumats og áætlunar um heilsuvernd.
- Auk þess skal öryggistrúnaðarmaður (ásamt öryggisverði) fara í eftirlitsferðir um vinnustaðinn svo oft sem þurfa þykir
- Skal fá upplýsingar um vinnuslys, óhöpp og atvinnusjúkdóma
 - Líka um mælingar/athuganir á vinnuumhverfinu.
- Fær fræðslu og þjálfun frá Vinnueftirlitinu
- Vinnur að vinnuverndarmálum allra starfsmanna – ekki kjaramálum



Félagslegur trúnaðarmaður og vinnuvernd


- Vinnuvernd snýst um öryggi og heilbrigði starfsmanna – þar á meðal samskipti og vellíðan
 - Hér skarast oft störf félagslegra trúnaðarmanna og öryggistrúnaðarmanna.
- Félagslegur trúnaðarmaður beitir sér fyrir að kosinn sé öryggistrúnaðarmaður
 - Tekur þátt í skipulagi og framkvæmd vinnuverndarstarfs eins og öðrum starfsmönnum er skylt að gera.
- Trúnaðarmaður ber EKKI ábyrgð á framkvæmd vinnuverndarstarfs
- Atvinnurekandi ber ábyrgð
- Samstarf félagslegs trúnaðarmanns, öryggistrúnaðarmanns og stjórnenda lyklatríði varðandi vinnuvernd og vellíðan á vinnustað



Hlutverk félagslegra trúnaðarmanna í vinnuvernd




- Kemur fræðslu, kynningarefni og skilaboðum frá KÍ um vinnuumhverfismál á framfæri við félagsmenn og/eða stjórnendur á vinnustaðnum og er tengiliður milli KÍ og vinnustaðarins varðandi þau.
- Beitir sér fyrir því að kosinn sé öryggistrúnaðarmaður á vinnustaðnum.
- Er í samstarfi við stjórnanda og öryggistrúnaðarmann um aðbúnað, öryggi og hollustuhætti á vinnustaðnum og hvetur til þess að gert sé áhættumat og áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustaðnum.
- Er áheyrandi í starfsmannasamtölum sem hlutlaus þriðji aðili ef viðkomandi félagsmaður eða skólastjórnandi óskar eftir því.
- Starfar ekki einn. Hann vinnur í samstarfi við stjórnendur, samstarfsmenn, öryggistrúnaðarmann/öryggisnefndir, stéttarfélagið og aðra trúnaðarmenn.
- Ber ekki ábyrgð á framkvæmd vinnuverndarstarfs. Atvinnurekandi ber ábyrgð á að koma vinnuverndarstarfi á, framkvæmd þess og eftirfylgni.



Um meðferð mála

- sem tengjast samskiptum, líðan og aðbúnaði á vinnustað

- Taka mál upp - Ef trúnaðarmaður verður var við eða fær vitneskju um vandamál sem tengjast vinnuumhverfinu skal hann snúa sér til skólastjóra í samráði við öryggistrúnaðarmann/öryggisnefnd og/eða viðkomandi félagsmann, ef við á.
- Afla gagna - Mikilvægt er að afla skriflegra gagna um mál sem upp koma s.s. lýsingu á vandanum frá aðilum máls, hvenær vandinn kom upp, hvernig hann birtist og hugsanlegar ástæður hans.
- Eftirfylgni - Mikilvægt er að málum sé fylgt eftir og að líkur á að vandinn endurtaki sig séu metnar. Æskilegt getur verið að veita almenna fræðslu og umfjöllun um eðli vandans á vinnustaðnum t.d. þegar um einelti eða önnur samskiptavandamál er að ræða.
- Máli vísað áfram - Ef ekki tekst að leysa úr vandanum innan vinnustaðarins eða hann er þess eðlis að slíkt er ekki mögulegt skal leita til utanaðkomandi aðila eftir því sem við á. Það geta verið fræðslufyrirvöld, Vinnueftirlitið eða aðrir fagaðilar, s.s. viðurkenndir þjónustuaðilar í vinnuvernd.
- Félagslegur trúnaðarmaður og öryggistrúnaðarmaður hafa eftirlitshlutverk varðandi meðferð mála en gagnaöflun, eftirfylgni og að málum sé vísað áfram er á ábyrgð stjórnanda.
- Alltaf hægt er að leita aðstoðar og ráðgjafar hjá viðkomandi aðildarfélagi/KÍ.




Um starfsmannasamtöl

- Fyrirmyndar starfsmannasamtalið



- Boðað er til samtalsins með góðum fyrirvara
- Starfsmaðurinn er upplýstur um rétt sinn til að hafa einhvern með sér í samtalið
- Dagskrá samtalsins er skýr – fyrirfram ljóst um hvað á að ræða í samtalinu
- Samtalið fer fram í samræðu og á óhlutdrægan og málefnalegan máta
- Niðurstaða samtalsins er skýr og skrifaður er útdráttur samtalsins sem allir aðilar kvitta upp á, ef við á
- Skýrt hver eftirfylgni samtalsins verður og allir aðilar fara eftir fyrirætlum/ákvörðunum




Fyrir og í starfsmannasamtali

Hlutverk félagslegs trúnaðarmanns fyrir starfsmannasamtal:

- Ræða við félagsmanninn um efni samtalsins.
- Fara yfir málsatvik og staðreyndir.
- Fara yfir hvað gildir um atvikið - starfsmannastefna, lög, kjarasamningar o.s.frv.

Hlutverk félagslegs trúnaðarmanns í starfsmannasamtali:


- Gefðu til kynna að þú sért þarna til stuðnings félagsmanninum en gættu þess að vera hlutlaus gagnvart málefningu og málsatvikum.
- Sjáðu til þess að dagskrá sé fylgt og reglur virtar.
- Spurðu skýrra spurninga ef þér finnst eitthvað óskýrt koma fram.
- Aðstoðaðu félagsmanninn við að segja það sem er mikilvægt að ræða – gefðu viðkomandi stikkorð.
- Aðgættu hvort viðkomandi skilji viðbrögð stjórnandans og afleiðingar þess sem sagt er.
- Aðgættu hvort samstaða er um niðurstöðu og/eða eftirfylgni samtalsins.



Að loknu starfsmannasamtali

Hlutverk félagslegs trúnaðarmanns eftir starfsmannasamtal:


- Talaðu við félagsmanninn strax eftir viðtalið – fáðu að vita hans upplifun, hvort hann sé meðvitaður um rétt sinn og skyldur og ræðið hvort, og þá hvað, þurfi að gera í framhaldinu. Viðkomandi þarf að vera með á hreinu hvað hann á að gera.
- Farðu yfir „fundargerð“ samtalsins og athugaðu hvort þar sé nokkuð sem hefur misfarist.
- Gerðu viðkomandi grein fyrir aðkomu þinni í framhaldinu – hvort, og þá hvað, þú munir gera og/eða ekki gera.
- Meta þarf hvort málinu sé hér með lokið, eða hvort þetta hafi verið byrjunin á ferli sem gæti endað í áminningu/uppsögn. Ef svo er, er e.t.v. rétt að leita til KÍ í samráði við félagsmanninn.



Kennsluumhverfið – hlúum að rödd og hlustun



- Ný handbók um rödd, hlustun og kennsluumhverfið
- Gefin út af Kennarasambandi Íslands og Sambandi íslenskra sveitarfélaga
- Höfundur Valdís I. Jónsdóttir, radd- og talmeinafræðingur
- Handbókinni var dreift í alla leik-, grunn-, framhalds- og tónlistarskóla og til annarra hagsmunaaðila, s.s. rekstraraðila skóla og ýmissa stofnana og samtaka
- Handbókina má nálgast rafrænt á vefsíðu KÍ www.ki.is
 - Myndband „Raddvernd og ráð til að draga úr raddþreytu“
 - Listi yfir „Úrræði vegna hávaða“




Af hverju fræðsla um hávaða?

- Til að vernda heyrn nemenda og styðja málþroska þeirra og nám
 - Málþroski og hlustun eru mikilvægustu þættirnir í velgengni í námi.
 - Sterk tengsl milli námserfiðleika og málröskunar og slakrar hlustunar.
 - Mikill bakgrunnshávaði truflar færni barns til að greina og vinna úr máhljóðum.

- Til að tryggja vellíðan kennara og nemenda


Afleiðingar hávaða eru til dæmis:

- Heyrnartap, streita, einbeitingarerfiðleikar og pirringur.
- Hærri blóðþrýstingur, kransæðasjúkdómar, svefntruflanir og streituhormón aukast.




Af hverju fræðsla um hávaða? frh.

- Til að verja og vernda rödd kennara – atvinnutæki þeirra
 - Helmingi fleiri kennarar kvarta undan raddvandamálum miðað við þá sem starfa ekki sem kennarar.
 - Kennarar skipa efstu sæti þeirra sem leita til læknis vegna raddvandamála og óþægindaeinkenna þeim tengdum.
 - 20% kennara hafa þurft að taka veikindaleyfi vegna raddar miðað við 4% þeirra sem starfa ekki sem kennarar.



Hávaði eyðileggur nám nemenda, kennslu kennara og hefur neikvæð áhrif á líðan og heilsufar allra í skólanum



Takk fyrir

Hafdís D. Guðmundsdóttir

Sérfræðingur í vinnuumhverfis- og jafnréttismálum

hafdis@ki.is

